

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Austurlands fimmtudaginn 14. júní 2007 í máli nr. S-52/2007:

Ákærvaldið

(Lárus Bjarnason sýslumaður)

gegn

X

(Adolf Guðmundsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 11. maí 2007 að aflokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru sýslumannsins á Seyðisfirði, útgefinni 26. febrúar 2007, á hendur X, kt. 000000-0000, [heimilisfang] “fyrir eignaspjöll og brot gegn dýraverndarlögum, vopnalögum og lögreglusamþykkt Fljótsdalshéraðs, með því að hafa, laugardaginn 6. maí 2006, skotið læðuna Diddu, með riffli, á færi, einu skoti, með þeim afleiðingum að kötturinn drapst.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 30, 1998, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um dýravernd, nr. 15/1994 og 4. mgr. 21. gr., sbr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998, 1. mgr. 7. gr., sbr. 51. gr. lögreglusamþykktar fyrir Fljótsdalshéraðs frá 4. ágúst 1995.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, og til að sæta upptöku á riffli þeim sem notaður var við verknaðinn, af tegundinni Winchester 22 calíber, eintaksnúmer 238956, skv. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998, og 1. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Þá krefst Kristinn A. Kristmundsson, kt. 000000-0000, þess að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð 578.435-, auk vaxta skv. 16. gr. skaðabótalaga frá tjónsdegi 6. maí 2006, en dráttarvaxta frá 10. desember 2006 til greiðsludags, skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001.”

Málið er einnig höfðað með framhaldsákæru á hendur sama aðila, útgefinni 19. apríl 2007, “fyrir eignaspjöll og brot gegn dýraverndarlögum, vopnalögum og lögreglusamþykkt Fljótsdalshéraðs, með því að hafa, laugardaginn 6. maí 2006, skotið læðuna Diddu, með riffli, á færi út um glugga á annarri hæð hússins að [...], einu skoti, með þeim afleiðingum að kötturinn, sem var að leik þar í garðinum, drapst.”

Í framhaldsákæru segir að hún sé gefin út með heimild í 118. gr. laga nr. 19/1991 til breytinga á ákæru á hendur sama aðila dags. 26. febrúar 2007, en í þeirri ákærðu hafi láðst að geta staðsetningar meintra brota. Þessi villa hafi orðið ljós við

fyrirtöku málsins í Héraðsdómi Austurlands þriðjudaginn 17. apríl síðastliðinn og þá hafi einnig komið fram nýjar upplýsingar um hvaðan skotið hafi verið. Bætt hafi verið úr þessu ágöllum með bókun, en engu að síður þyki af ákærvaldsins hálfu rétt að gefa út þessa framhaldsákæru. Að öðru leyti sé ákæran eins og upphafleg ákæra.

Ákærði krefst sýknu af broti gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. mgr., sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um dýravernd nr. 15/1994, en af hálfu ákærða er þess krafist að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa vegna brots hans gegn vopnalögum og lögreglusamþykkt Fljótsdalshéraðs. Þá er krafist sýknu af upptökukröfu ákærvalds. Loks er þess krafist að sakarkostnaður, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda, verði að verulegu leyti lögð á ríkissjóð.

Ákærði krefst þess aðallega að framkominni bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð.

II.

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu barst lögreglu tilkynning hinn 24. júlí 2006 þess efnis að köttur hefði að öllum líkindum verið skotinn í garði á bak við [...]. Tilkynnandi og tjónþoli, Kristinn A. Kristmundsson, hafi tjáð lögreglu að atvikið hefði átt sér stað 6. maí 2006 og að hann hefði geymt köttinn í frysti í samráði við dýralækni til að varðveita ummerki. Þá hafi hann sagt að til staði að láta kryfja köttinn til að komast að því hvort hann hefði verið skotinn.

Kærandi hafi tjáð lögreglu að um kl. 12.30 til 12.40 umræddan dag hefði hann veitt því athygli að köttur í hans eigu hefði komið skriðandi og helsærður inn um glugga að [...] og látist skömmu síðar af sárum sínum. Við nánari athugun hefði hann séð blóðslóð eftir köttinn utandyra í gegnum garð hans og inn í miðjan garð nágretta hans við [...]. Að sögn kærandi hefði verið um að ræða verðlaunakött af Balinese og kallaður Didda.

Í skýrslunni segir að farið hafi verið á vettvang ásamt kæranda. Blóð hafi verið sjáanlegt frá [...] í áttina að garðinum við [...], en kærandi hafi breitt plast yfir blóðslóðina til að varðveita hana. Vettvangur hafi hins vegar fyrst og fremst verið skoðaður til að leita að kúlu en án árangurs.

Hinn 18. september 2006 kom Kristinn A. Kristmundsson á lögreglustöðina og lagði fram kæru vegna atviksins þar sem niðurstaða krufningar kattarins væri sú að allt benti til þess að hann hefði orðið fyrir skoti. Í kæruskýrslunni tekur kærandi fram að garðarnir að [...] og [...] liggi saman og sagðist hann vita til þess að kötturinn hefði einstaka sinnum farið yfir í garðinn að [...]. Sagðist hann minnst þess að ákærði, sem þar byggi, hefði hringt í hann fyrir u.þ.b. tveimur árum og verið mjög æstur þar sem kötturinn hefði farið inn í garðinn til hans. Hefði hann sagt honum að ef kettirnir héldu áfram að koma yfir í garðinn hjá honum myndi það enda með því að hann gengi frá þeim. Sagðist kærandi hafa rakið blóðslóðina eftir

köttinn aftur fyrir húsið að [...] og inn í garðinn baka til við [...] þar sem ákærði byggji.

Meðal gagn málsins er skýrsla um krufningu á ketti dags. 24. júlí 2006 og undirrituð af Hirti Magnasyni dýralækni. Þar kemur fram að um hafi verið að ræða Balinese kattarlæðu, Þyn úr Álögum IS*, skráningarnúmer IS LO 01940, fædda 30. maí 2000, litur Chocolate point.

Í skýrslunni segir að dánarorsök hafi verið öflug blæðing úr hægri lærslagæð.

Niðurstaða krufningarinnar er eftirfarandi:

“Að öllum líkindum skotsár. Þá hefur verið skotið aftan á læðuna, kúlan farið í hægra megin á skottið (svo) og brotið rófulið, kantað og haldið áfram þvers gegn um húð á hægra aftara lærsvæði í beinni línu gegn um miðlægt lærsvæði og út um húð á hægra fremra lærsvæði.”

Í málinu hefur einnig verið lagt fram ljósrit úr ættbók Kattaræktarfélags Íslands, Kynjakatta, vegna Þynar úr Álögum IS*, ÍS LO 01940, en þar segir að fæðingardagur kattarins hafi verið 30. maí 2000, tegund hans Balanisee og litur Chocolate point. Skráningin er gerð 30. ágúst 2000. Meðfylgjandi er einnig viðurkenning og dómur vegna sama kattar á kattasýningu Kynjakatta 15. október sama ár.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum.

Ákærði viðurkenndi að hafa skotið úr riffli út um glugga á heimili sínu að [...] í átt að ketti, en sagðist ekki viðurkenna að hafa skotið köttinn. Hann sagði að umrætt atvik hefði gerst á virkum degi, en ekki á laugardegi eins og gert væri ráð fyrir í ákæru. Sagðist hann muna eftir því að hafa verið við vinnu í prentsmiðju sinni umræddan dag og orðið að fara heim til að skipta um föt því hann hefði verið að gera við framköllunarvél. Hann sagði að enginn hefði verið heima, en ef þetta hefði verið laugardagur hefði kona hans, dóttir þeirra og tvö börn verið heima. Sagðist ákærði hafa séð mjög dökkan og loðinn kött í garðinum í greint sinn á bak við rifsberjarunna. Ekki hefði verið um síamskött að ræða, en ákærði sagðist þekkja slíkan kött ef hann sæi hann. Kötturinn hefði stokkið fram öðru hverju því það hefðu verið þrestir í trénu fyrir ofan hann. Sagðist ákærði þá hafa gripið riffil og skotið af honum til að fæla köttinn í burtu. Hefði kötturinn þá stokkið í burtu og í áttina að Selási nr. 26 eða 28. Kötturinn hefði ekki farið inn í garðinn við [...] þar sem myndbandaleiga Kristins væri. Aðspurður sagðist hann ekki hafa miðað á köttinn heldur skotið í grasflötina í garðinum á milli sín og kattarins. Tilgangurinn með þessu hefði verið að fæla köttinn í burtu með hvellinum. Sagðist hann hafa haldið rifflinum að öxl sér og skotið út um opnanlegt fag á glugganum, en umræddur gluggi opnaðist út að neðan.

Ákærði sagðist nokkrum sinnum hafa hringt í bæjarskrifstofuna til að kvarta undan lausum köttum, en þeir hefðu iðulega valdið skemmdum í garðinum hjá honum, bæði á trjám og einnig hefðu þeir rótað upp kartöflum, sem hann hefði sett niður. Hann sagði að það væri viðvarandi kattaplága í gördum á Egilsstöðum og sagðist hann oft hafa hringt í Kristinn til að kvarta yfir köttunum hans, en þeir hefðu t.d. einu sinni stútað þratarhreiddri með ungum í garðinum hjá sér. Sagðist hann muna

eftir að hafa sagt við hann að ef hann næði köttunum hans inni í garðinum hjá sér myndu þeir ekki lifa það af. Sagðist hann hafa átt við það að hann myndi fara með þá til dýralæknis til að aflífa þá þar sem þeir væru ómerktir. Hann sagðist hins vegar aldrei hafa hótað því að drepa þá sjálfur. Aðspurður sagðist hann hafa vitað að Kristinn ætti síamskött en það hefði verið á allra vitorði á Egilsstöðum þar sem umræddur köttur hefði oft legið á afgangsluborðinu á myndbandaleigunni.

Ákærði var spurður út í framburð hans hjá lögreglu um að það hefði ekki verið ætlun hans að skjóta köttinn heldur að fæla hann burt og að honum þætti miður að svona hefði farið. Skýrði ákærði þessi ummæli sín með því að lögreglumaðurinn, sem tekið hefði af honum skýrsluna, hefði fullyrt við hann að það þýddi ekkert fyrir hann að neita þessu þar sem kúlan lægi fyrir. Sagðist hann því hafa trúað því að hann hefði skotið köttinn fyrir slysi. Lögreglumaðurinn hefði síðan dregið þetta til baka síðar. Ákærði sagðist síðan hafa séð mynd af umræddum ketti í Fréttablaðinu og þá hefði hann áttað sig á því að um síamskött hefði verið að ræða, en ákærði sagðist ekki hafa komið nálægt því að skjóta slíkan kött.

Aðspurður af verjanda sagði ákærði að lögregla hefði ekki rannsakað vettvang og kannað aðstæður þar sem hann skaut út um gluggann. Þá hefði hann ekki verið spurður að því hvar kötturinn hefði verið staddur í garðinum þegar hann hleypti af. Engar skýrslur hefðu heldur verið teknar af heimilisfólki hans.

Eiríkur Stefán Einarsson, afleysingamaður í lögreglunni á Egilsstöðum, sagðist hafa verið viðstaddur krufningu á ketti, sem hefði verið skotinn nokkru áður. Sagðist hann hafa tekið ljósmyndir af krufningunni. Hann sagði að umræddur köttur hefði verið svartur og hvítur, þ.e. hvítur á kvið en dökkur eða skellóttur á baki. Hann sagðist ekki þekkja kattategundir og ekki vita hvernig síamskettir líta út. Aðspurður sagði hann að kötturinn hefði ekki verið snögghærður heldur í loðnara lagi. Hann sagði að dýralæknirinn hefði upplýst af hvaða tegund þessi köttur hefði verið og að hann væri kallaður súkkulaðigríma.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 18. september 2006. Þar sagði ákærði að einhvern tímann síðastliðið vor hefðu verið komnir þrestir í garðinn hjá sér. Hann hefði verið staddur í svefnherbergi á annarri hæð á heimili sínu að [...] og veitt því eftirtekt að köttur hefði verið að reyna að klifra upp í tré í garðinum hjá sér þar sem þrestirnir voru. Í einhverjum hálfkæringi hefði hann gripið 22 calibera riffil í sinni eigu og skotið einu skoti í átt að kettinum af um 20 metra færi og hefði kötturinn stokkið í burtu. Það hefði ekki verið ætlun hans að skjóta köttinn heldur að fæla hann burtu og sagðist hann engar líkur hafa talið á því að hann hitti köttinn með þessum gamla riffli. Tók hann fram að vorið áður hefðu tveir kettir farið upp í tré í garðinum hjá sér og drepið þratarunga sem þar hefðu verið í hreiðri. Hefði það verið mjög leiðinlegt atvik og aðkoman ljót. Þetta atvik hefði verið honum í fersku minni þegar hann greip til riffilsins. Aðspurður sagðist hann kannast við að hafa hótað kæranda símleiðis í kjölfar þess er kettirnir drápu þratarungana í garðinum hjá sér. Í lok skýrslunnar sagðist hann ítreka það að það hefði ekki verið ætlun hans að skjóta köttinn heldur fæla hann frá og honum þætti miður að svona hefði farið.

Kærandi Kristinn A. Kristmundsson sagði að læðan Didda hefði farið út í hádeginu umræddan dag. Þegar hann hefði verið farinn að sakna þess að hún kæmi inn til að borða matinn sinn hefði hann gengið fram ganginn og séð hana liggja í blóði sínu fyrir framan rúm móður hans. Hann sagðist strax hafa hringt í dýraspítalann og

hefði dýralæknir á Vopnafirði svarað. Sagðist hann hafa lýst þessu fyrir honum og dýralæknirinn tjáð honum að líklega hefði verið keyrt á læðuna. Sagðist hann hafa trúað dýralækninum og því ekki hringt í lögreglu. Hann sagði að sig hefði langað til að láta kryfja læðuna, en dýralæknirinn á Egilsstöðum hefði verið erlendis og því hefði hann tekið þá ákvörðun að setja læðuna í frysti. Hann sagðist síðan hafa rætt málið við fólk sér tengt og því hefði þótt þetta skrítið og því hefði hann farið að skoða málið betur.

Hann sagðist hafa kannað blóðslóðina, sem hefði verið í gegnum allt húsið og síðan legið fyrir framan það og aftur fyrir það og síðan í hjall (snúrustaurar) sem væri á bak við myndbandaleiguna. Blóðslóðin hefði byrjað á grasflötinni inni í hans garði á bak við myndbandaleiguna. Hann sagðist ekki hafa getað greint það að blóðslóðin næði lengra. Um beina línu að garði ákærða hefði hins vegar verið að ræða. Sagðist hann hafa breitt plast yfir blóðslóðina um einum til tveimur dögum síðar til að verja hana. Þegar dýralæknirinn hefði komið heim sagðist hann hafa rætt við hann og lýst þessu fyrir honum. Hefðu þá vaknað ákveðnar grunsemdir hjá honum og í framhaldi af því hefði hann rætt við lögregluna og kært atvikið.

Hann sagði að umræddur köttur hefði verið sá eini sinnar tegundar á landinu, en hann hefði verið af síamskyni, sem væri óvenju síðhært. Feldurinn hefði verið svokallaður kanínufeldur sem fólk hefði ekki ofnæmi fyrir. Læðan hefði verið eins útlits og aðrir síamskettir, þ.e. með dökkt skott, andlit, eyru og fætur en með ljósan bók, þ.e. ljós á baki og kvið. Hún hefði hins vegar ekki verið gulleit. Um hefði verið að ræða síamskött af svokölluðu súkkulaðikyni. Hann sagði að læðan hefði verið ættbókarfærð en ekki skráð hjá sveitarfélaginu. Sagðist hann hafa keypt köttinn árið 2000 handa móður sinni. Hann sagði að lát kattarins hefði haft mikil áhrif á hann og móður hans og þetta hefði verið nánast eins og að missa barnið sitt. Einnig sagði hann að móður hans hefði hrakað snögglega eftir þetta.

Aðspurður sagði hann að ákærði hefði hringt í hann tveimur árum fyrr og hótað því að láta lífláta kettina. Hann sagðist aðspurður eiga nú þrjá ketti, en hafa leyfi fyrir einum. Sagði hann að tveir kattanna væri á leiðinni á nýtt heimili. Aðspurður af verjanda sagðist hann vita að umrætt atvik hefði gerst 6. maí þar sem hann hefði skráð dagsetninguna hjá sér. Hann sagði að rétt væri að krufning hefði farið fram 24. maí, en hann hefði ekki tilkynnt atvikið til lögreglu fyrr en 24. júlí. Þá sagðist hann ekki hafa lagt fram formlega kæru fyrr en 18. september.

Nánar aðspurður um það hvar kötturinn hefði farið inn í húsið sagði hann að kötturinn hefði komið úr hjallinum, þar sem blóðslóðin hefði byrjað, farið eftir stéttinni á bak við hús og síðan fram fyrir húsið. Þar hefði læðunni tekist að opna glugga, sem ekki hefði verið vel lokaður, farið inn um gluggann, sem væri í um 90 sm hæð, í gegnum stofuna og síðan inn ganginn og þar hefði læðan legið í blóði sínu fyrir framan rúmið hjá móður hans þegar hann hefði komið að henni. Hann sagði að ekki væri rétt sem fram kæmi í frumskýrslu lögreglu að blóðslóðin hefði legið inn í miðjan garðinn hjá nágretta hans að [...], heldur hefði hún byrjað í hjallinum sem væri inni í garðinum á bak við húsið að [...]. Hann og móðir hans hefðu verið inni að borða þegar atvikið átti sér stað en þau hefðu ekki heyrt neinn skothvell. Hann sagði að garðarnir að [...] og [...] lægju saman og aðeins væri limgerði á milli. Hann sagði að mynd á dskj. nr. 5 væri tekin árið 1998, en á myndinni væri ekki læðan Didda heldur annar köttur.

Hjörtur Magnason dýralæknir sagðist hafa krufið kött, sem honum hefði verið tjáð að hefði komið inn í hús blæðandi og dáíð þar. Hann sagðist hafa komist að þeirri niðurstöðu að líklegast væri um skotsár að ræða, en skotsárið hefði verið við hliðina á endaþarmsopi og farið í gegnum innanlærið og út fyrir framan kvið. Um dæmigerðan skotskaða hefði verið að ræða. Skotið hefði rofið í sundur slagæð og valdið það mikilli blæðingu að kötturinn hefði dáíð. Sagðist hann hafa krufið köttinn að beiðni eiganda hans, sem geymt hefði köttinn í frysti, en hann hefði viljað vita hvernig kötturinn drapst. Hann sagði að tveir lögreglumenn hefðu hins vegar verið viðstaddir krufninguna. Hann sagðist ekki muna í smáatriðum hvernig kötturinn leit út eða af hvaða kyni hann var, enda sagðist hann ekki vera vel kunnugur kattakynjum. Hann sagðist halda að kötturinn hefði verið skotinn með blýkúlu, en ekki háhraðakúlu því slík kúla hefði splundrað kettinum. Aðspurður sagði hann að vel gæti hafa verið um 22 calibera blýkúlu að ræða, annað hvort long eða short.

Hann sagði að útilokað væri að kötturinn hefði orðið fyrir bíl og að áverkinn væri eftir nagladekk. Nær öruggt mætti telja að áverkinn á kettinum hafi verið skotferill þar sem inngangurinn hefði verið lítill en útgangurinn mikið stærri eða meira en fingurstærð. Ástæða þess væri sú að kúlan fletjist út og verði stærri eftir því sem hún fari lengra. Hann sagði að þetta væri dæmigerður skotferill veiðikúlna en þær væru hannaðar til að skaða þannig að dýrið dæi fljótt. Hann sagði að engin kúla hefði fundist í kettinum. Hann sagði að mjög stór slagæð hefði farið í sundur í kettinum og sagðist hann giska á að kötturinn hefði verið með meðvitund í um eina og hálfu til tvær mínútur og þá getað gengið og hreyft sig. Mesta blóðið hefði átt að vera þar sem kötturinn var skotinn. Hann sagði að fyrst á eftir hefði kötturinn getað stokkið þar sem engar taugar hefðu farið í sundur. Hann sagðist ekki geta fullyrt að um skotsár hafi verið að ræða, en mjög öruggt væri hins vegar samkvæmt hans reynslu að svo hafi verið. Aðspurður sagði hann að upplýsingar í krufningarskýrslu, t.d. um kyn og aldur kattarins væru sennilega úr skráningarvottorði, sem eigandinn hefði komið með. Hann sagði að ef hann fyndi örmerki í skepnunni sem hann væri að kryfja og upplýsingar væru í samræmi við skráningarvottorð tæki hann upp allar upplýsingar úr vottorðinu í skýrsluna, en annars ekki.

Gunnar Jónsson gaf skýrslu í gegnum síma og sagði frá samskiptum sínum við ákærða á meðan hann bjó í næsta húsi við hann á [...].

Margrét Gísladóttir sagðist hafa selt kæranda umræddan kött. Hún sagði að kötturinn hefði verið af tegundinni Balinese, en liturinn hefði verið Chocolate point. Kettir með slíkan lit væru hvítir á bók, en með brúna eða súkkulaðilita grímu í andliti og brúna fætur og skott. Búkurinn væri hins vegar ljós en gæti stundum dökknað með árunum. Hún sagði að köttur af þessari tegund kostaði um 50.000 krónur hér á landi. Kostnaður við að flytja inn slíkan kött væri um 150.000 krónur. Hún kannaðist við að hafa gefið út vottorð um verðgildi kattarins 9. nóvember sl. Hún sagði að þessir kettir væru ófánlegir hér á landi í dag þar sem þeir væru ekki ræktaðir hér lengur.

Davíð Örn Auðbergsson lögreglumaður sagði að kærandi hefði haft samband við hann í júlí eða ágúst 2006 og tjáð honum að kötturinn hans hefði dáíð og hugsanlegt væri að hann hefði verið skotinn. Hann sagðist hins vegar upphaflega hafa hitt kæranda á förnun vegi þegar hann var í sumarfríi fyrr um sumarið og þá

hefði kærandi sagt honum frá þessu og að atvikið hefði gerst í maí. Einnig hefði kærandi tjáð honum að hann væri með köttinn í frysti og ætlaði að láta dýralækni kryfja hann. Síðar hefði hann komið á lögreglustöðina til hans eftir hann var kominn aftur til vinnu og kært atvikið.

Aðspurður sagðist hann hafa farið heim til kæranda í lok júlí og skoðað blóðslóð, sem kærandi hefði tjáð honum að hann hefði varðveitt undir plasti frá því um vorið. Að hans mati hefði verið greinilegt að um blóð var að ræða. Blóðslóðin hefði legið frá húsi kæranda og eftir stétt á bak við húsið og síðan í áttina að húsi ákærða, en garðar þessara húsa lægju saman. Sagðist hann aðeins hafa séð blóðslóð á stéttinni en engin ummerki hefðu verið í grasinu. Sagðist hann hafa leitað að ummerkjum í garðinum hjá kæranda að lóðarmörkum en hann sagðist hins vegar ekki hafa leitað í garðinum hjá ákærða. Öll sjáanleg blóðslóð hefði verið innan garðsins hjá kæranda. Hann sagðist ekki hafa skoðað vettvang að [...], þ.e. hvaðan skotið var o.s.frv. Hann sagðist hafa hringt í næstu nágranna og spurt þá hvort þeir hefðu heyrt skothvell en svo hefði ekki reynst vera. Þá hefðu engar myndir verið teknar á vettvangi eða uppdráttur gerður af afstöðu húsa eða garða á vettvangi. Hann sagði að dagsetning atviksins í skýrslu lögreglu væri höfð eftir kæranda.

Hann sagðist hafa verið viðstaddur krufningu á kettinum, sem farið hefði fram að beiðni kæranda, en lögregla hefði verið viðstödd í þeirri von að við krufninguna fyndust sönnunargögn. Hann sagði að kötturinn hefði verið brúnleitur, þ.e. dekkri á fótum, andliti og rófu en ljósbrúnn á bükinn. Þá hefði kötturinn verið loðinn, þ.e. feldurinn þéttur. Hann sagðist hafa álitid að um síamskött væri að ræða, en sér hefði verið tjáð að umrætt kyn væri kallað Balinese. Hann sagði að dýralæknir hefði varðveitt feldinn af kettinum að óska kæranda.

Hann sagði að ákærði hefði við skýrslutöku hjá lögreglu játað að hafa skotið á kött af um 20 metra færi með riffli sem hann ætti og væri skráður fyrir. Hann kannaðist ekki við að hafa áður tjáð ákærða að lögregla hefði kúlu í höndunum úr kettinum.

III.

Niðurstaða.

Í 116. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála eru tilgreind þau atriði sem koma skulu fram í ákæru. Fram kemur í c-lið 1. mgr. þeirrar greinar að í ákæru skuli meðal annars greina hvar og hvenær brotið er talið framið.

Í ákæru útgefinni 26. febrúar 2007 er ákærða gefið að sök að hafa laugardaginn 6. maí 2006 skotið læðuna Diddu með riffli einu skoti og á færi með þeim afleiðingum að kötturinn drapst. Með því hafi ákærði gerst sekur um eignaspjöll og brot gegn dýraverndarlögum, vopnalögum og lögreglusamþykkt Fljótsdalshéraðs.

Með framhaldsákæru útgefinni 19. apríl 2007, sem lögð var fram við upphaf aðalmeðferðar málsins var aukið við verknaðarlýsingu upphaflegrar ákæru og er ákærða þar gefið að sök að hafa skotið fyrrnefnda læðu með riffli einu skoti og á færi út um glugga á annarri hæð hússins að [...] með þeim afleiðingum að kötturinn sem verið hafi að leik í garðinum drapst.

Í 118. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála segir að ákærandi geti breytt eða aukið við ákæru með útgáfu framhaldsákæru til að leiðrétta augljósar villur eða ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Ennfremur segir að framhaldsákæru skuli gefa út ekki síðar en þremur vikum eftir að þörfin á henni er kunn.

Framhaldsákæra í máli þessu er gefin út tæpum tveimur mánuðum eftir útgáfu upphaflegrar ákæru. Meðal rannsóknargagna málsins er skýrsla sem ákærði gaf hjá lögreglu hinn 18. september 2006. Þar ber ákærði um það að hafa verið staddur í svefnherbergi á annarri hæð á heimili sínu að [...] þegar hann greip riffil sinn og skaut í átt að kettinum. Jafnframt kemur fram að í greint sinn hafi kötturinn verið að klifra upp í tré í garði hans. Við útgáfu upphaflegrar ákæru í málinu lágu því fyrir upplýsingar um það hvar líklegt mátti telja að brotið hefði verið framið, en sömu vísbendingar koma einnig fram í skýrslu kæranda hjá lögreglu. Verður því ekki fallist á að upplýsingar um hvaðan skotið var hafi fyrst komið fram í þinghaldi 17. apríl sl.

Þá verður af verknadarlýsingu í upphaflegri ákæru verður alls ekki ráðið með hvaða hætti ákærða er gefið að sök að hafa brotið gegn vopnalögum og lögreglusamþykkt Fljótsdalshéraðs en þar er þess í engu getið hvar brotið er talið framið. Þykir annmarkinn þess eðlis að ekki sé unnt að fallast á að um augljósa villu í skilningi 118. gr. laga nr. 19/1991 sé að ræða.

Með vísan til framangreinds verður ekki talið að lagaskilyrði hafi verið til þess að gefa út framhaldsákæru í málinu til að leiðrétta fyrrgreindan annmarka á upphaflegri ákæru, sbr. 1. mgr. 118. gr. laga nr. 19/1991 og kemst framhaldsákæran því ekki að í málinu.

Eins og að framan greinir þykir upphafleg ákæra í málinu ekki uppfylla kröfur c-liðar 116. gr. laga nr. 19/1991 um skýrleika ákæru með því að í verknadarlýsingu hennar kemur ekkert fram um það hvar brotið er talið framið. Í 1. mgr. 117. gr. sömu laga segir að rétt sé að dæma áfall á hendur ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda verði ekki talið að vörn hafi verið áfátt. Ekki verður talið að heimild þessi eigi við í máli þessu þar sem verknadarstaðar er í engu getið í ákærunni og að sá annmarki hefur í för með sér að verknadarlýsing ákærunnar er í ekki í samræmi við heimfærslu brota til refsíákvæða. Af verknadarlýsingunni verður því ekki ráðið með vissu hvað ákærða er gefið að sök.

Með vísan til alls framangreinds verður að telja slíkan annmarka á ákæru í máli þessu, sem ekki verði bætt úr undir rekstri málsins, að dómur verði ekki kveðinn upp um efni þess. Verður því ekki komist hjá því að vísa málinu frá dómi.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Adolfs Guðmundssonar hdl., sem þykja hæfileg að fjárhæð 186.750 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurð þennan kveður upp Ragnheiður Bragadóttir dómstjóri. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Adolfs Guðmundssonar hdl., að fjárhæð 186.750 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Ragnheiður Bragadóttir